

**Nd.** **342. Frumvarp til laga** [125. mál]  
um heimild til að selja jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi í Skagafjarðarsýslu.

(Eftir 2. umr. í Nd., 4. marz.)

1. gr.

Stjórn Utanverðuneslegats heimilast með lögum þessum að selja ábúanda hálfu jörðina Utanverðunes í Rípurhreppi, enda verði hún gerð að ættaróðali. Enn fremur heimilast stjórn legatsins að selja hinn helming jarðarinnar, ef ábúð á þeim hluta jarðarinnar er tryggð eða önnur sú starfsemi, sem jafngildir ábúð. Sama gildir um þann hluta jarðarinnar, sem um ræðir í 1. málslið, ef ábúandi gengur frá.

Jörðin skal seld því verði, er dómkvaddir menn meta, nema hærri tilboð liggi fyrir, og skal leita samþykkis eftirlitsmanna opinberra sjóða um söluverð.

Andvirði jarðarinnar skal vera eign Utanverðuneslegats.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.